

EBAK – Félag eldri borgara á Akureyri

7. stjórnarfundur EBAK 22. nóv. 2017

(haldinn á undan haustfundi með nefndum félagsins).

Mættir: Haukur Halldórsson formaður, Halldór Gunnarsson varaformaður, Dóra Steinunn Jónasdóttir gjaldkeri, Margrét Pétursdóttir ritari, Hallgrímur Gíslason, Halldóra Hrönn Höskuldsdóttir, Kolbrún Kristjánsdóttir, Garðar Lárusson og Egill Jónsson.
Fjarverandi: Jón Aðalsteinn Baldvinsson.

1. **Formaður** setti fundinn.

2. **Haukur** kynnti stöðuna í samningaviðræðum við Akureyrarbæ um starfsemi og rekstur félagsmiðstöðvarinnar í Bugðusíðu, en miðað er við að EBAK sjái um starfsemina í Bugðusíðu frá og með júní eða júlí 2018.

Akureyrarbær stefnir að því að opið verði í félagsmiðstöðinni í Víðilundi 11 mánuði á árinu 2018 en heilsársopnun framvegis þó líklega með styttri daglegum opnunartíma yfir sumarmánuðina.

EBAK taki að sér að sjá um starfsemina í Víðilundi í júlí 2018.

Akureyrarbær leggur til að EBAK ráði starfsmann á launum með framlögum frá bænum eins og ýmis önnur frjáls félagasamtök gera og skipuleggi störf hans.

EBAK taki að sér útleigu á salnum í Bugðusíðu og fái allar tekjur af leigu hans.

3. **Umræður** hófust um samningsdrögin og fram kom að menn höfðu áhyggjur af kostnaði og ábyrgð sem fylgja ráðningu starfsmanns svo sem að veikindaförföllum þyrfti að mæta til að starfsemin gæti gengið eðlilega fyrir sig. Auk þess eru þrjú ár langur samningstími þótt 6 mánaða uppsagnarfrestur sé í samningsdrögunum.

EBAK mun ráða starfsmann og setja honum starfslýsingu. Gert er ráð fyrir að launabókhaldinu verði útvistað eins og öðru bókhaldi félagsins.

4. **Næsti** stjórnarfundur 5.des.

5. **Önnur mál:**

a) Garðar tók til máls um kostnað vegna ráðstefnu EBAK og HA. Það vantar fyrir flugfari tveggja fyrirlesara og vegna veitinganna á ráðstefnunni. Dagskráin liggur fyrir. Verður sennilega 12. apríl. Stjórnin óskar eftir skriflegri styrkbeiðni.

b) Halldór tók til máls um opinn kynningarfund stjórnar og fræðslunefndar um EBAK 22. jan. 2018.

c) Haukur lagði til að Halldór, Halldóra og Egill verði fulltrúar stjórnar í undirbúningsnefnd kynningarfundarins. Það var samþykkt.

d) Halldór tók til máls um að semja þyrfti reglur um útleigu á salnum og að þær liggi fyrir sem fyrst.

6. **Haustfundur** með nefndum að hefjast í Bugðusíðu og stjórnarfundur því slitið.

Margrét Pétursdóttir